

**Lykilatriði sem stuðla að gæðum  
menntunar í skólum án aðgreiningar**  
Tilmæli um starfshætti





# **LYKILATRÍÐI SEM STUÐLA AÐ GÆÐUM NÁMS ÁN AÐGREININGAR**

**Tilmæli um starfshætti**

**Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu**



Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu er sjálfstæð stofnun sem nýtur stuðnings aðildarlanda sinna og stofnana Evrópusambandsins (framkvæmdastjórnar og þings).

Skoðanir sem hér eru settar fram eru ekki opinberar skoðanir Evrópumiðstöðvarinnar, aðildarlanda hennar eða framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin ber ekki ábyrgð á því hvernig efni þessarar skýrslu kann að verða notað.

Leyfilegt er að nota útdrætti úr skýrslunni að því tilskildu að heimildar sé greinilega getið. Vísa skal til skýrslunnar á eftirfarandi hátt: Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu, 2011. *Lykilatriði sem stuðla að gæðum menntunar í skólum án aðgreiningar – Tilmæli um starfshætti*, Óðinsvé, Danmörk: Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu

Skýrslan er fánleg á rafrænu formi og á allt að 21 tungumáli til að upplýsingarnar séu aðgengilegar fyrir sem flesta. Rafrænar útgáfur þessarar skýrslu má sækja á vefsvæði Evrópumiðstöðvarinnar: [www.european-agency.org](http://www.european-agency.org)

Þeir sem unnu skýrsluna:

George Borg, í fulltrúaráði Evrópumiðstöðvarinnar, Möltu

John Hunter, í fulltrúaráði Evrópumiðstöðvarinnar, Bretlandi (Norður Írlandi)

Bryndís Sigurjónsdóttir, verkefnisstjóri, Íslandi

Simona D'Alessio, starfsmaður hjá Evrópumiðstöðinni

Verity Donnelly, starfsmaður hjá Evrópumiðstöðinni

Mynd framan á kápu: Daniela Demeterová, Tékklandi

ISBN: 978-87-7110-305-2 (rafræn útg.) ISBN: 978-87-7110-284-0 (prentuð útg.)

© **European Agency for Development in Special Needs Education 2011**

Secretariat  
Østre Stationsvej 33  
DK-5000 Odense C Denmark  
Sími: +45 64 41 00 20  
[secretariat@european-agency.org](mailto:secretariat@european-agency.org)

Brussels Office  
3 Avenue Palmerston  
BE-1000 Brussels, Belgium  
Sími: +32 2 280 33 59  
[brussels.office@european-agency.org](mailto:brussels.office@european-agency.org)

[www.european-agency.org](http://www.european-agency.org)



Education and Culture DG

Lifelong Learning Programme

Aðalskrifstofa framkvæmdastjórnar  
ESB á sviði mennta- og  
menningarmála styrkti gerð þessarar  
skýrslu: [http://ec.europa.eu/dgs/  
education\\_culture/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/dgs/education_culture/index_en.htm)



## EFNISYFIRLIT

<b>FORMÁLI .....</b>	<b>5</b>
<b>1. INNGANGUR.....</b>	<b>7</b>
1.1 Bakgrunnurinn .....	7
<b>2. AUKIN ÞÁTTTAKA ALLRA NEMENDA .....</b>	<b>9</b>
<b>3. LYKILATRIÐI SEM STUÐLA AÐ NÁMI ÁN AÐGREININGAR ...</b>	<b>13</b>
3.1 Brugðist við röddum nemenda .....	13
3.2 Virk þátttaka nemenda .....	13
3.3 Jákvætt viðhorf kennara.....	14
3.4 Færni kennara .....	15
3.5 Framsýn forysta í skólum.....	16
3.6 Samfelld þverfagleg þjónusta.....	17
<b>4. NIÐURSTÖÐUR .....</b>	<b>19</b>
<b>5. NÁNARI UPPLÝSINGAR .....</b>	<b>20</b>
5.1 Heimildarrit Evrópumíðstöðvarinnar .....	20
5.2 Aðrar heimildir.....	21





---

## FORMÁLI

Fyrsta skýrslan í svokölluðum Lykilatriða-flokki var byggð á efni sem Evrópumíðstöðin hafði gefið út fram til ársins 2003. Annað yfirlit yfir starfsemi Evrópumíðstöðvarinnar var gefið út árið 2009 undir yfirskriftinni *Lykilatriði sem stuðla að gæðum náms án aðgreiningar – Tilmæli fyrir stefnumótandi aðila*. Í báðum þessum ritum var samantekt á meginniðurstöðum þeirrar starfsemi Evrópumíðstöðvarinnar sem lýtur að þróun náms án aðgreiningar.

Árið 2007 urðu fulltrúar Evrópumíðstöðvarinnar sammála um að slík yfirlitsrit skyldu gefin út með reglubundnu millibili. Þeir voru einnig sammála um að ekki skyldi einungis fjallað um stefnumál á þessu sviði heldur einnig lykilatriði sem lúta að starfsháttum. Þessi skýrsla inniheldur því yfirlit yfir verkefni Evrópumíðstöðvarinnar frá árinu 2003 þar sem lykilatriði á sviði náms án aðgreiningar eru tekin saman, með vísan í þemaverkefni með þátttöku allra aðildarlanda. Í 5. kafla er listi yfir þau rit sem stuðst hefur verið við.

Í þessum tilmælum, sem sett hafa verið fram af stefnumótandi aðilum fyrir aðra stefnumótendur og sérfræðinga, er að finna lykilatriði varðandi starfshætti. Vonir standa til að þau, ásamt útgáfunni frá 2009, styðji alla forvígismenn í menntamálum í því starfi að komið verði á heildtækari skólafestun í Evrópu.

Röksemdafærslur úr þemaverkefnum Evrópumíðstöðvarinnar sem lykilatriðin í þessari skýrslu byggja á hafa verið teknar saman í sérstöku skjali. Þetta skjal ásamt ítarlegum upplýsingum um verkefnið er að finna á slóðinni: <http://www.european-agency.org/agency-projects/key-principles>

**Cor Meijer**

Framkvæmdastjóri Evrópumíðstöðvar fyrir þróun í sérkennslu







---

## 1. INNGANGUR

Í skýrslum Evrópumiðstöðvarinnar um lykilatriði frá 2003 og 2009 var lögð áhersla á tillögur um menntastefnu sem virðist skila árangri þegar um er að ræða aðlögun nemenda með ýmiss konar sérþarfir, og þær renna einnig stoðum undir þá meginreglu að góð menntun skuli standa öllum til boða. Þetta rit byggir á efni úr skýrslum Evrópumiðstöðvarinnar frá og með árinu 2003; tekin eru saman þau lykilatriði varðandi starfshætti sem nauðsynleg eru til að nemendur með ýmsar sérþarfir fái góðan stuðning í almennum skólum.

### 1.1 Bakgrunnurinn

Gerð er grein fyrir nokkrum leiðbeinandi lykilatriðum um nám án aðgreiningar í Evrópu og á alþjóðavísu á slóðinni: <http://www.european-agency.org/agency-projects/key-principles/a-european-and-international-approach-to-inclusive-education>. Í ýmsum nýlegum ritum er einnig lögð áhersla á hve brýnt er að skólar verði hæfari til að mennta alla nemendur í viðkomandi samfélagi og geri grein fyrir starfsemi sinni.

Samkvæmt UNESCO-skýrslunni *Policy Guidelines on Inclusion in Education* (2009) er í auknum mæli viðurkennt að nám án aðgreiningar og gæði séu gagnverkandi þættir – að jákvætt viðhorf þar að lútandi geti eindregið stuðlað að góðri menntun öllum nemendum til handa. Einnig er talið að það hlutverk sem nám án aðgreiningar gegnir við þróun réttlátara, jafnara og lýðræðislegra samfélags, þar sem fjölbreytileika er fagnað, sé stöðugt að verða mikilvægara. Slík þróun tekur til grundvallaratriða á borð við jöfn tækifæri, afnám misréttis og almennt aðgengi, og taka þarf sérstakt tillit til einstaklingsbundinna þarfa nemenda sem eiga á hættu að einangrast félagslega og lenda í jaðarhópum.

Leiðtogaáætlun Evrópusambandsins (2009) leggur áherslu á eftirfarandi: „Menntun skal stuðla að þvermenningarlegum samskiptum, lýðræðislegum gildum og virðingu fyrir grundvallarréttindum og umhverfisþáttum, sem og koma í veg fyrir mismunun og gera ungu fólki kleift að eiga jákvæð samskipti við jafnaldra sína hvaðanæva að“ (bls. 3).

Þetta atriði er einnig ítrekað í niðurstöðum ráðherraráðsins um félagslegan þátt menntunar og starfsþjálfunar (2010), þar sem tekið



er fram að menntakerfin í Evrópulöndunum þurfi að tryggja bæði gæði og jafnræði og viðurkenna að aukinn námsárangur og grunnfærni allra nemenda skiptir sköpum, ekki aðeins hvað varðar hagvöxt og samkeppnishæfni heldur dragi slíkt einnig úr fátækt og eflí félagslega aðlögun.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (2006) skilgreinir jafnræði á eftirfarandi hátt: „... að það fari eftir því að hve miklu leyti einstaklingar geti nýtt sér menntun og starfsþjálfun, að því er varðar tækifæri, aðgengi, meðferð og niðurstöður“ (bls. 2). Efnahags- og framfarastofnunin (2007) leggur jafnræði og sanngirni að jöfnu og segir að persónulegar eða félagslegar aðstæður eigi ekki að standa í vegi fyrir menntunarmöguleikum.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2006), einkum 24. greinin sem fjallar um menntun, kveður einnig á um nám án aðgreiningar og hefur, ásamt valfrjálsu bókuninni, verið fullgiltur í flestum aðildarlöndum Evrópumiðstöðvarinnar og í Evrópusambandinu (sjá: <http://www.un.org/disabilities/latest.asp?id=169>). Áætlun ESB um málefni fatlaðra 2010-2020 miðar að því að stefna Evrópusambandsins verði í samræmi við Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Í *World Report on Disability* (WHO, 2011) er lögð áhersla á hve mikilvægt sé að kennarar fái viðeigandi fræðslu, þannig að þeir verði færir um að kenna börnum með ólíkar sérþarfir. Tekið er fram að kennaranámið skuli ekki síður snúast um viðhorf og gildi en þekkingu og hæfni.

Nám án aðgreiningar er málefni sem mikið er fjallað um innan aðildarlanda Evrópumiðstöðvarinnar og þótt beitt sé mismunandi aðferðum við að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda, einkum þeirra sem þarfnast meiri stuðnings en aðrir vegna sérþarfa sinna og fötlunar, er einnig um fjölda sameiginlegra þátta að ræða sem miða að því að bæta árangur allra nemenda. Í eftirfarandi kafla er gerð grein fyrir forsendum gagnreyndra starfshátta sem greint er frá í verkefnum Evrópumiðstöðvarinnar og kynntir eru í 3. kafla.



---

## 2. AUKIN ÞÁTTTAKA ALLRA NEMENDA

Í ritinu *Lykilatriði sem stuðla að gæðum náms án aðgreiningar* (2009) var sú meginregla tilgreind að öllum nemendum skyldu standa ýmsir námsmöguleikar til boða með auknu aðgengi að skólum. Lögð var áhersla á nokkra samtengda þætti þar að lútandi:

- nám og starfsþjálfun fyrir alla kennara;
- stofnanamenningu og siðareglur til stuðnings námi án aðgreiningar;
- skipulag stuðningskerfa sem stuðla að námi án aðgreiningar;
- sveigjanlegt fjárhagsfyrirkomulag til stuðnings námi án aðgreiningar;
- stefnu sem stuðlar að námi án aðgreiningar;
- löggjöf sem stuðlar að námi án aðgreiningar.

Þessir þættir skapa grundvöll þeirra starfshátta sem tilgreindir eru í verkefnum Evrópumíðstöðvarinnar og kynntir eru nánar í þessu riti. Hér er því fjallað um þá á ítarlegan hátt.

Eins og greint er frá í innganginum er núorðið litið á nám án aðgreiningar sem mannréttindi sem varða fleiri nemendur en einungis þá sem eru með sérþarfir. Eins og fram kemur í skýrslunni *Participation in Inclusive Education – A Framework for Developing Indicators* (2011) sinna margir nemendur ekki námi sínu, þótt þeir séu í skóla, og hafa litlum árangri náð þegar þeir hverfa frá námi. Mikilvægt er að nemendur taki virkan þátt í skólalífinu ef þeir ætla að halda áfram að mennta sig og nýti sér námið sem best fyrir framtíðina hvað varðar atvinnumöguleika og almenna þátttöku í samfélaginu.

Vegna brottfalls úr skóla hefur leiðtoga ráð Evrópusambandsins (2011) sagt: „Stefnumótandi aðgerðir sem mestu máli skipta kunna m.a. að fela í sér betri menntun yngstu börnunum til handa, endurskoðun á námskrá, betri kennaramenntun, nýbreytni í kennsluaðferðum, einstaklingsmiðaðan stuðning – einkum fyrir þá hópa sem eiga erfitt uppdráttar, svo sem innflytjendur og Rómafólk – og meiri samvinnu við aðstandendur og sveitarfélag“ (bls. 2). Með því að byggja upp öflugt samstarf geta skólarnir haft stöðugt meiri áhrif á




aðstæður utan sinna veggja þannig að nemendur og aðstandendur þeirra fái betri stuðning en ella.

Í skýrslum Evrópumiðstöðvarinnar „*Námsmat fyrir alla*“ í *framkvæmd* (2009) og *Kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar í Evrópu* (2011) er vakin athygli á því að kennarar þarfnist tíma til faglegrar ígrundunar og tekið fram að bæði kennarar og nemendur þurfi að þróa með sér jákvætt hugarfar og draga lærdóm af vandamálum og mistökum. Hvarvetna ber að fagna og virða fjölbreytileika og líta á slíkt sem menntunarauka. Ljóst er að almennt kennaranám og framhaldsfræðsla skiptir sköpum hvað varðar jákvætt viðhorf meðal kennara, svo og þekkingu og færni.

Í ritinu *Námsmat í skólum án aðgreiningar* (2007) er lögð áhersla á hve mikilvægu hlutverki skólastjórnendur gegna við útfærslu á námi án aðgreiningar. Kennararnir stýra starfinu innan veggja skólafunnar og geta haft áhrif á námshætti þar, en þeir geta ekki ábyrgst að nám án aðgreiningar nái að þróast ef skólastjórnendur styðja þá ekki í starfi og faglegru framþróun. Skólastjórnendum ber því að skapa þau skilyrði að nám á aðgreiningar nái að þróast með því að efla samskipti og leggja áherslu á samstarf, teymisvinnu, rannsóknir og nýbreytni í starfi.

Í skólum þar sem jákvætt andrúmsloft ríkir er hlustað á nemendur og þeir taka virkan þátt í mati á námi sínu eins og fram kemur í ritinu *Ungar raddir: Til móts við fjölbreytni meðal nemenda* (2008). Í *World Report on Disability* (2011) er einnig lögð áhersla á að raddir fatlaðra nemenda verði að fá að heyrast. Til að svo geti orðið skal veita nemendum ýmiss konar möguleika á að afla sér upplýsinga (t.d. með viðeigandi samskiptaaðferðum) og aðstoða þá síðan við að vinna úr upplýsingum, setja fram hugmyndir sínar og bregðast við með skilningi.

Í skýrslu Evrópumiðstöðvarinnar *Námsmat í skólum án aðgreiningar* (2007) er tekið fram að starf kennarans felist í auknum mæli í því að leiðbeina og aðstoða. Námsmat verður fastur hluti af námsferlinu þar sem nemendur leggja áherslu á óskir sínar og áhugasvið og benda á þær fyrirstöður sem verða á vegi þeirra í náminu. Í skýrslum Evrópumiðstöðvarinnar *Sérkennsla í Evrópu* (2003) og *Fjölmenningsáttak og sérkennsla* (2009) er sérstök áhersla lögð á það hve miklu máli slíkar einstaklingsmiðaðar aðferðir skipta og í skýrslunni *ICTs in Education for People with Disabilities* (2011) (sem gerð var í samvinnu við UNESCO IITE (Institute for information



---

technologies in education) er undirstrikað hve öflugt tæki upplýsinga- og samskiptatæknin getur verið þegar einstaklingsmiðuðum námsaðferðum er beitt.

Sérskólar geta gegnt mikilvægu hlutverki við þróun náms án aðgreiningar. Þar sem slíkar stofnanir byggja starf sitt á ýmiss konar úrræðum geta þær miðlað þeirri sérfræðiþekkingu sem þær búa yfir, bæði um samstarfsnet og í umræðuhópum, og gert þar með aðra skóla hæfari til að bregðast við ýmsum sérþörfum. Í ritinu *Sérkennsla í Evrópu – þemarit* (2003) er talið að slíkt starf geti orðið til þess að allir nemendur fái betri stuðning.

Nemendur sem þarfnast mikils stuðnings, og aðstandendur þeirra, ættu að geta fengið samfellda áætlun sem tryggir þeim viðeigandi þjónustu sem er fjárhagslega viðráðanleg og samræmd þannig að sérþörfum þeirra sé mætt og jákvæður árangur náist til langframa. Eins og fram kemur í skýrslunni *Skjót afskipti: Framfarir og þróun 2005–2010* (2010), ættu skólar og stuðningsþjónustur á öllum fagsviðum að vera í náinni samvinnu til að hægt sé að koma til móts við sérþarfir nemenda og aðstandenda þeirra óháð búsetu. Líta ber á fjárfestingu í úrræðum fyrir yngstu börnin og skjótum stuðningi við alla nemendur sem langtímaávinning sem dragi úr þeirri þjónustu sem illa staddir nemendur kunna að þarfnast síðar á lífsleiðinni. Í skýrslunni *ICTs in Education for People with Disabilities* (2011) er lögð áhersla á hve mikilvægt sé að fá aðstandendur til samstarfs við að þróa búnað og aðferðir fyrir nemendur sem nýta má bæði við nám og á heimavelli í samfelldu og samræmdu ferli.

Í ritinu „*Námsmat fyrir alla*“ í *framkvæmd* (2009) er því lýst hvernig þverfaglegt starf er útfært og þekking og sjónarmið ýmissa sérfræðisviða samþætt til að hægt sé að fjalla heildrænt um hlutina og bjóða upp á sveigjanlegan stuðning. Slíkt samstarf krefst þverfaglegrar samvinnu (t.d. heilbrigðis- og félagsþjónustu) á öllum stigum.

Þó að kennarar og skólastjórnendur gegni mikilvægu hlutverki, eins og fjallað er um hér framar, eiga þau lykilatriði sem gerð er grein fyrir í þessari skýrslu rætur að rekja til sjónarhorns nemandans, þar sem börn og unglingar eru í forgrunni við að skipuleggja viðveru sína (aðgengi og ástundun), þátttöku (í góðu námi) og árangur (í námi með því að setja sig inn í námsferlið). Í þessu módeli, sem lýst er í grófum dráttum í UNESCO-skýrslunni *Guidelines for Inclusion* (2005), eru dregnir saman ýmsir þættir úr verkefnum



Evrópumiðstöðvarinnar og undirstrikað að viðvera – í hvaða skólastofnun sem er – nægir ekki sem slík. Eins og ungu sendifulltrúarnir á fyrirspurnarþingi í Evrópuþingsinu í nóvember 2011 lögðu áherslu á, þá þurfa nemendur að vera virkir í námi sínu og taka sjálfir þátt í námsmati og allri ákvarðanatöku um framtíð sína.

### 3. LYKILATRÍÐI SEM STUÐLA AÐ NÁMI ÁN AÐGREININGAR

Í starfi Evrópumíðstöðvarinnar er yfirleitt tekið mið af námi á skyldunámsstigi en þessi lykiltríði ná til allra skólastiga, símenntunar og framhaldsfræðslu, og þau gilda einnig um bæði formlegt og óformlegt nám. Nemendamiðuðu atriðin eiga jafnt við um fatlaða og ófatlaða nemendur, þar sem nám án aðgreiningar snýst um gæði menntunar sem allir nemendur skulu njóta.

#### 3.1 Brugðist við röddum nemenda

Hlusta skal á það sem nemendur og einnig aðstandendur þeirra og ráðgjafar hafa fram að færa, einkum þegar teknar eru ákvarðanir sem hafa áhrif á líf þeirra.

Nemendur verða að fá upplýsingar þar að lútandi í viðeigandi formi sem gerir þeim kleift að taka fullan þátt í umræðum og ákvarðanatöku um eigið nám og framtíðaráætlanir.

Nemendur eiga að geta tjáð sig um ákvarðanir sem varða líf þeirra:

- í námsmati – að geta valið ýmsar leiðir til að sýna hvað þeir vita, skilja og geta gert, tekið þátt í umræðum um mat á getu sinni og hvernig hægt sé að styðja þá í námi til framtíðar;
- í námsferlinu – að geta nálgast upplýsingar á ýmsan hátt, skilið þær og látið skoðun sína í ljós;
- í námsáætlunum, að tekið sé tilliti til persónulegra aðstæðna þeirra;
- hvernig stuðning þeir þurfi til að geta sigrast á hindrunum í námi sínu og til að verða ekki útundan eða aðgreindir frá jafnöldrum sínum;
- í námsefni – að geta sagt álit sitt á viðeigandi og persónulegan hátt; og
- í mati á frammistöðu til að tryggja árangur í námi og vellíðan.

#### 3.2 Virk þátttaka nemenda

Allir nemendur eiga rétt á að vera virkir þátttakendur í skólalífinu og samfélaginu almennt.



Allir nemendur skulu upplifa sig sem hluta af bekknum/skólanum, og njóta virðingar fyrir það sem þeir hafa fram að færa í samfélaginu. Nemendur skulu hafðir með í ráðum um hvort þeir þarfnist meiri aðstoðar til að geta tekið þátt í öllu því starfi sem skólinn býður upp á.

Nemendur skulu:

- finna til öryggiskenndar gagnvart skólanum og upplifa sig sem hluta af hópnum;
- fá tækifæri til samstarfs og samvinnunáms í hópvinnu með jafnöldrum sínum og auka þannig félagsfærni sína og samskiptahæfileika;
- fá viðurkenningu og hrós fyrir frammistöðu sína;
- taka fullan þátt í félagsstarfi utan hefðbundins skólatíma;
- bera ábyrgð á námi sínu og virkri þátttöku sinni í námsferlinu, setja markið hátt og verða sjálfstæðir í námi; og
- viðurkenna ábyrgð sína gagnvart öðrum í skólanum og samfélaginu.

### 3.3 Jákvætt viðhorf kennara

Kennarar skulu hafa jákvætt viðhorf gagnvart öllum nemendum sínum og vilja til að eiga samvinnu við samstarfsfólk.

Öllum kennurum ber að líta á fjölbreytileika sem styrk og hvatningu til að afla sér frekari fræðslu. Bæði í almennu kennaranámi og framhaldsmenntun og símenntun þurfa kennarar að öðlast reynslu sem skapar jákvæð viðhorf og gildi og hvetur þá til að leita, ígrunda og finna nýstárlegar lausnir á nýjum vandamálum sem skapast vegna þess hve nemendur eru ólíkir. Kennurum ber einkum að vera jákvæðir gagnvart stuðningi frá samstarfsfólki með aðra sérfræðikunnáttu en þeir og skulu eiga við þá samvinnu; taka þátt í samstarfi í stað þess að vinna einir að málum.

Kennarar skulu:

- bera ábyrgð á öllum nemendum og sýna skilning gagnvart þeim grunnþörfum sem öllum eru sameiginlegar, svo sem að finna til öryggis, tilheyra hópnum, finnast gaman í skólanum og ná góðum árangri;



- virða og vera tilbúinn til að takast á við ýmiss konar aðstæður (sem varða m.a. andlega heilsu og vellíðan, og félagsfærni) og hafa væntingar til allra nemenda;
- gera sér grein fyrir því hvenær nemandi þarfnast stuðnings og koma því um kring á varfærinn hátt með hans samþykki, án þess að hann kunni að verða dreginn í einhvern dilk.
- þekkja til ýmiss konar úrræða (svo sem upplýsingatækni) og vera færir um að nýta þau á skilvirkan hátt í skólastofunni;
- vera jákvæðir gagnvart nýjungum og reiðubúnir til að vinna áfram að bæði faglegum og persónulegum þroska sínum;
- eiga samstarf við og styðja samstarfsfólk sitt í ígrundun á starfsháttum og byggja upp „hóp“-þekkingu og færni til að hjálpa nemendum (t.d. við að móta einstaklingsmiðaðan stuðning, kennsluáðferðir eða tilfærsluáætlanir); og
- eiga skilvirk samskipti við nemendur, foreldra og samstarfsaðila frá öllum viðkomandi stofnunum, og stuðla að því að slík samvinna komi nemendum til góða.

### 3.4 Færni kennara

Öllum kennurum ber að afla sér færni til að geta komið til móts við ýmsar sérþarfir allra nemenda.

Almennt kennaranám og framhaldsnám skal veita kennurum færni, þekkingu og skilning sem gefur þeim sjálfstraust til að takast á skilvirkan hátt við ýmiss konar sérþarfir nemenda. Kennurum ber að tileinka sér ýmsar kennslufræðilegar aðferðir og leiðir til að meta nám, og þeir þurfa að geta beitt þeim á sveigjanlegan hátt þannig að hindrunum sé rutt úr vegi og nemendum gert kleift að stunda nám og ná árangri. Þeim ber að setja fram skýr rök fyrir þeim aðferðum sem þeir beita, gera sér grein fyrir og huga að þáttum sem geta haft áhrif á námið og þeim hindrunum sem kunna að standa í vegi.

Kennarar skulu:

- meta getu nemenda með ýmsum aðferðum svo að þeir geti sýnt hvað í þeim býr, hvað þeir kunna, skilja og eru færir um að gera, hver á sinn hátt;
- beita endurgjöf til að greina og útrýma hindrunum sem nemendur mæta í námi sínu, (líkamlegum, viðhorfstengdum,



skipulagslegum) og gera með þeim áætlanir til að tryggja eðlilega námsframvindu;

- bjóða upp á ýmiss konar námsmöguleika þar sem allir nemendur eiga val, samkvæmt því viðhorfi að greind sé margþætt;
- beita ýmsum kennsluaðferðum, skipta nemendum í sveigjanlega hópa og taka tillit til vilja nemenda;
- skipuleggja námskrá sem veitir möguleika á að þróa grunnhæfni nemenda á þverfaglegan hátt og fá þeim öllum viðfangsefni við hæfi; og
- vinna með samstarfsfólki sínu að þróun einstaklingsáætlana til að sá stuðningur, hjálpargögn og aðlögun sem nemendur þarfnast sé útfærð á samræmdan hátt.

### 3.5 Framsýn forysta í skólum

Skólastjórnendur ættu að líta á fjölbreytileika meðal starfsfólks og nemenda sem kost, hvetja til samstöðu og styðja nýjungar.

Nám án aðgreiningar krefst framsýnnar forystu á öllum stigum sem sýnir fram á gildi þess að allir séu þátttakendur og byggir upp jákvætt andrúmsloft og námsumhverfi sem er grundvöllur góðrar menntunar. Hvarvetna í skólakerfinu ætti gildismat sem lýtur að þátttöku allra að vera ríkjandi í öllum stefnu- og þróunaráætlunum og koma fram í samstarfi sem veitir skólastjórnendum, starfsfólki og nemendum gagnkvæman stuðning.

Skólastjórnendur skulu:

- byggja upp jákvætt andrúmsloft og námsmenningu með því að gera framtíðarsýn sína og gildi og skoðanir sem lúta að þátttöku allra að leiðarljósi í öllu skólasterfinu;
- sjá til þess að vellíðan og þátttaka allra nemenda sé höfð í fyrirrúmi í öllum stefnumálum og að það komi fram í öllum starfsháttum;
- skipuleggja skólasterfið þannig að nemendur séu ekki dregnir í dilka, heldur vinni þeir t.d. að ýmsum verkefnum í blönduðum og sveigjanlegum hópum;
- vinna markvisst að því að brugðist sé við ólíkum þörfum nemenda með því að auka námsframboð í almennu námsumhverfi;

- styðja og hvetja starfsfólk til að afla sér meiri færni og getu til að takast á við alls konar sérþarfir með ýmsum aðferðum og miðla sérfræðikunnáttu sinni með öllum í skólasamfélaginu;
- hvetja starfsfólk til að ígrunda starf sitt og líta á símenntun sjálfsagðan hlut allan starfsferilinn;
- beita úrræðum á skilvirkan hátt og gæta þess að þau endurspegli og virði fjölbreytileika meðal nemenda í skólanum;
- nota fjárveitingar á þann hátt að allir hafi aðgengi að húsakynnum og fái viðeigandi stuðning (svo sem hjálpartæki og aðgengi að upplýsingatækni);
- þróa skilvirkt eftirlit, sjálfsskoðun og nemendamiðað mat þar sem stefnt er að því að allir nái markmiði sínu og að árangur náist á bóklegu sviði en einnig á breiðari vettvangi;
- nota niðurstöður úr athugunum og námsmati til að gera áætlanir og markvissar umbætur þannig að skólinn verði betur í stakk búinn til að veita nemendum þann stuðning sem skilar þeim sem bestum árangri;
- veita öllu starfsfólki skólans handleiðslu og stuðning og vinna að því að draga úr ytra álagi með því að setja fram skýr rök fyrir þeim aðferðum sem þar er beitt;
- sjá til þess að sérfræðingar og samstarfsnet, utanaðkomandi sem innanhúss, deili með sér ábyrgð og starfi í sameiningu að því að auðvelda nemendum aðgengi að námsefni og félagslífi utan skólatíma; og
- vera í virkum samskiptum við sveitarfélagið, þverfaglega stuðningsaðila og sérfræðinga til að tryggja að komið sé til móts við nemendur og aðstandendur þeirra á heildstæðan og samræmdan hátt þar sem staðfest hefur verið hve mikilvægt sé að ýmiss konar þörfum sé mætt til að nemendum geti gengið vel í námi.

### 3.6 Samfelld þverfagleg þjónusta

Allir skólar ættu að geta fengið aðstoð frá þverfaglegri félagsþjónustu.

Börnum og unglingum mun ekki vegna vel í námi ef heilsu þeirra og tilfinningalegum og félagslegum þörfum er ekki sinnt. Fjölskyldur og



ýmsir samfélagshópar kunna að þurfa á stuðningi að halda og því þurfa þjónustuaðilar á borð við heilbrigðis- og félagsþjónustu að koma að málum og tryggja að heildstæðum aðferðum sé beitt.

Þverfaglegir þjónustuaðilar skulu:

- sýna að gott samstarf er á milli ýmissa geira/þjónustuaðila og skóla í samfélaginu. Þeir skulu sjá til þess að upplýsingum sé miðlað og viðeigandi stuðningur veittur í tæka tíð ef um frekari sérþarfir er að ræða (svo sem meðferð eða læknisfræðilega aðstoð, geðheilbrigðisþjónustu o.s.frv.);
- vinna náið með foreldrum og nemendum til að efla tengslin milli fjölskyldu, skóla og þverfaglegs teymis; og
- vinna með skólum að því að allir viðkomandi aðilar taki þátt í starfinu, fái sérúrræði innan sveitarfélagsins í samstarfsnet sitt og leita nýrra leiða til að koma þekkingu á framfæri.

---



## 4. NIÐURSTÖÐUR

Hér hefur verið stuðst við starf Evrópumíðstöðvarinnar, einkum lykilatríðin sem sett voru fram í tilmælunum árið 2009, og settar fram nokkrar helstu hugmyndirnar um hvernig efla megi nám án aðgreiningar.

Framkvæmdastjórn Evrópubandsins (2006) ítrekar hversu mikilvægu hlutverki kennarinn gegnir: „Þeir þættir sem mestu máli skipta til að árangur náist og jafnræði ríki eru gæði, reynsla og hvatning kennara og þær kennslufræðilegu aðferðir sem þeir beita. Með samvinnu við velferðarþjónustu sem starfar í þágu foreldra og barna geta kennarar gegnt lykilhlutverki og séð til þess að tryggja þátttöku barna sem þurfa mestan stuðning“ (bls. 6).

Og framkvæmdastjóri Evrópumíðstöðvarinnar, Cor Meijer, komst svo að orði í ræðu sinni þegar alþjóðaskýrslan *World Report on Disability* (júní, 2011) var kynnt: „Hægt er að fjalla um skóla án aðgreiningar á ýmsum sviðum, hugmyndasviði, stefnumótunarsviði, hagnýtu sviði eða rannsóknarsviði, en þegar upp er staðið er það kennarinn sem þarf að hafa stjórn á nemendum í skólastofunni. Það er kennarinn sem útfærir meginreglurnar sem gilda um skóla án aðgreiningar.“

Þau lykilatríði sem hér er fjallað um, ásamt þeim atriðum sem beint var til stefnumótenda árið 2009, geta verið kennurum og öðru fagfólki til stuðnings við framþróun á námi án aðgreiningar þannig að hægt verði að koma til móts við enn fjölbreytilegri sérþarfir í almennum skólum.



## 5. NÁNARI UPPLÝSINGAR


Öll gögn sem vísað er til í þessari skýrslu er að finna á heimasíðu Evrópumíðstöðvarinnar á slóðinni: <http://www.european-agency.org/agency-projects/key-principles>

Þar á meðal eru:

- gögn úr rannsóknum Evrópumíðstöðvarinnar sem styðja við þau lyklatríði sem fjallað er um í 3. kafla;
- tenglar að öllu útgáfuefni og gögnum Evrópumíðstöðvarinnar sem hér er vísað til.

### 5.1 Heimildarit Evrópumíðstöðvarinnar

- *Sérkennsla í Evrópu* (2003)
- *Sérkennsla í Evrópu – Þemarit* (1. bindi, 2003 og 2. bindi, 2006)
- *Nám án aðgreiningar og skólastarf í efri bekkjum grunnskóla* (2005)
- *Sjónarmið ungs fólks varðandi sérkennslu* (2005)
- *Skjót afskipti* (2005)
- *Einstaklingsbundin umskiptaáætlun (síðar tilfærsluáætlun)* (2006)
- *Námsmat í skólum án aðgreiningar* (2007 og 2009)
- *Ungar raddir: Til móts við fjölbreytni meðal nemenda* (2008)
- *Lissabonyfirlýsingin. Álit ungmenna varðandi nám án aðgreiningar* (2007)
- „*Námsmat fyrir alla*“ í framkvæmd (2009)
- *Leiðsagnarmat og nemendur með sérþarfir* (2009)
- *Námsmat fyrir alla í framkvæmd* (2009)
- *Kýpur-tillögurnar um námsmat fyrir alla* (2009)
- *Þróun vísbenda – fyrir nám án aðgreiningar í Evrópu* (2009)
- *Fjölmenningsamfélag og sérkennsla* (2009)
- *Skjót afskipti – Framfarir og þróun 2005–2010* (2010)

- 
- 
- *Inclusive Education in Action – Project Framework and Rationale* (2010)
  - *Kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar – Fræðileg umfjöllun* (2010)
  - *ICTs in education for People with Disabilities* (2011)
  - *Kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar í Evrópu* (2011)
  - *Participation in Inclusive Education – A Framework for Developing Indicators* (2011).

## 5.2 Aðrar heimildir

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO 2011). *World Report on Disability*. Genf, Sviss, WHO

Efnahags- og framfarastofnunin (2007). *No more failures: Ten steps to equity in education*, OECD, París

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (2006). *Communication from the Commission to the Council and to the European Parliament. Efficiency and equity in European education and training systems*. Brussel, 8.9.2006 COM(2006) 481 final [http://ec.europa.eu/education/policies/2010/doc/comm481\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/education/policies/2010/doc/comm481_en.pdf)

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (2010). *Communication from the Commission to the European Parliament, the Council, the European Economic and Social Committee and the Committee of the Regions. European Disability Strategy 2010–2020: A Renewed Commitment to a Barrier-Free Europe*. Brussel, 15.11.2010 COM (2010) 636 final <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=COM:2010:0636:FIN:EN:PDF>

Leiðtogaáráð Evrópusambandsins (2009). *Council Conclusions of 12 May 2009 on a Strategic Framework for European Cooperation in Education and Training ('ET 2020')* (2009/C 119/02) <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:C:2009:119:0002:010:EN:PDF>

Leiðtogaáráð Evrópusambandsins (2010). *Council conclusions on the social dimension of education and training* 3013th Education, Youth and Culture Council meeting 11/05/2010 [http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms\\_Data/docs/pressdata/en/educ/114374.pdf](http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_Data/docs/pressdata/en/educ/114374.pdf)



---

Leiðtogaráð Evrópusambandsins (2011). *Council conclusions on the role of education and training in the implementation of the 'Europe 2020' strategy* (2011/C 70/01) <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:C:2011:070:0001:0003:EN:PDF>

Sameinuðu þjóðirnar (2006). *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks*, New York: Sameinuðu þjóðirnar

UNESCO (2005). *Guidelines for Inclusion: Ensuring Access to Education for All*. UNESCO, París

UNESCO (2009). *Policy Guidelines on Inclusion in Education*. UNESCO, París [http://unesdoc.unesco.org/Ulis/cgi-bin/ulis.pl?catno=177849&set=4A9F89E7\\_2\\_250&gp=1&il=1](http://unesdoc.unesco.org/Ulis/cgi-bin/ulis.pl?catno=177849&set=4A9F89E7_2_250&gp=1&il=1)





# IS

Fyrsta skýrslan í svokölluðum Lykilatriða-flokki var byggð á efni sem Evrópumíðstöðin hafði gefið út fram til ársins 2003. Annað yfirlit yfir starfsemi Evrópumíðstöðvarinnar var gefið út árið 2009 undir yfirskriftinni *Lykilatriði sem stuðla að gæðum náms án aðgreiningar – Tilmæli fyrir stefnumótandi aðila*.

Í báðum þessum ritum er samantekt á meginniðurstöðum þeirra rannsókna Evrópumíðstöðvarinnar sem lúta að þróun náms án aðgreiningar.

Enn er byggt á verkefnum sem Evrópumíðstöðin hefur staðið að frá og með árinu 2003 í þessu þriðja riti í Lykilatriða-flokknum, en nú með áherslu á lykilatriði sem lúta að starfsháttum sem stuðla að gæðum náms án aðgreiningar. Að ritinu unnu stefnumótandi aðilar og sérfræðingar í menntamálum og það er ætlað stefnumótendum og öðru fagfólki sem fer með forystu á sviði menntamála. Ætlunin er að gefa þeim yfirlit yfir þau lykilatriði sem þurfa nauðsynlega að vera til staðar ef veita skal nemendum með ýmiss konar sérþarfir góðan stuðning í almennum skólum.

Þess er vænst að þessi mikilvægu lykiltilmæli leggi sitt af mörkum til þess að styðja við þróunina í átt til náms án aðgreiningar í menntakerfum í Evrópu.

